

Reikningur

110

fyrir styrktarsjóð Kristjáns konungs hins níunda frá 1. sept. 1883 til 31. ágúst 1884.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1. september 1883:	kr. a.	kr. a.
a. Innritunarskírteini og konungleg skuldabrjef	8600,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	83,84	
c. Í peningum	24,00	8707,84
2. Vextir til 11. júní 1884:		
a. Af innritunarskírteini og skuldabrjefi	344,00	
b. Af fje í sparisjóði	5,39	349,39
	Samtals	9057,23

Gjöld.

1. heiðursgjafir veittar:		
a. Ólafi umboðsmanni Sigurðssyni í Ási	160,00	
b. Sæmundi bónda Sæmundssyni á Elliðavatni	160,00	320,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1884:		
a. Innritunarskírteini og konungleg skuldabrjef	8600,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	137,23	8737,23
	Samtals	9057,23

Reykjavík, 18. sept. 1884.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jensson.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á 5. gr. laga 111
27. febr. 1880 um skipun prestakalla, sbr. lög nr. 2 12. jan. 1884. — Með þóknun- 25. ágúst.
legu brjefi, dags. 9. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá sóknar-
prestinum að Kirkjubæjarklaustri, sjera Bjarna Þórarinssyni, þar sem hann fer þess á
leit, að sjer fyrir tímabilið frá 12. jan. p. á. til síðastliðinna fardaga verði greiddur til-
tölulegur hluti af uppbót þeirri, sem ákveðin er í lögum 12. jan. p. á. handa Þykkva-
bæjarklausturs prestakalli og Meðallandsþingum, sem hann þjónaði síðastliðið fardagaár
sem settur.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tilkynna yður til
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að með því að ráðgjafinn
verður að vera yður samdóma um, að skilja beri svo lög 12. jan. p. á., samanborin við
reglurnar í 5. gr. laga 27. febr. 1880, að hinar þar umræddu uppbætur eigi ekki að
reiknast viðkomandi prestaköllum fyr en frá þeim tíma, að þau eru veitt í fyrsta skipti
eptir að lögín komu út, þá flýtur þegar þar af, að beiðandanum getur eigi borið uppbót
sú, er hjer um ræðir, og beiðni hans getur því ekki orðið veitt.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilyrði fyrir útborgun á 112
bráðabirgðaruppbótum brauða. — Með þóknanlegu brjefi frá 23. júní p. á. hafið þjer, 23. ágúst.
herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá sóknarprestinum að Rafnseyri, sjera Þorsteini

112 Benediktssyni, þarsem hann fer fram á, að sjer verði útborgaðar 100 kr., sem veittar 28. ágúst voru Lundarprestakalli fyrir fardagaárið 1882—83 af fje því, sem með 13. gr. A b 2 í fjárlögum fyrir árin 1882—83 var ákveðið til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum, en sjera Þorsteini Benediktssyni var 24. júní 1882 í stað Lundar veitt brauð það, er hann nú er prestur í.

Eptir því sem þjer, herra landshöfðingi, hafið tekið fram, var gjört ráð fyrir því, þegar áminnst uppbót var veitt Lundarprestakalli, að prestakall þetta hefði sinn eigin prest útaf fyrir sig, en þarsem þetta ekki átti sjer stað hlaut uppbótin að falla burt. Ráðgjafarbrjef 11. nóv. 1881 er einnig byggt á þessum skilningi á uppbótunum. Verður ráðgjafinn því að vera þeirrar skoðunar, að beiðandanum beri einungis tiltölulegur hluti af uppbót Lundarprestakalls, í rjettu hlutfalli við þann hluta fardagaársins, sem hann var þar prestur, eða tímann frá 6. júní 1882 til 24. s. m., og mun þannig mega borga honum þá upphæð, ef hann krefst þess, uppá væntanlega aukafjárveitingu, ef til kemur. Að öðru leyti hlýtur honum að vera frjálst að láta dómstólana skera úr, hvort honum ber öll uppbótin.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C 4.

Til eflingar búnaði í norður- og austuramtinu voru veittar þessar styrksupphæðir:

a. til búnaðarskólans á Hólum	1100 kr.
b. til búnaðarskólans á Eyðum	540 —
c. búfræðingi Gísla Ólafssyni til að fullkomna sig í búfræði erlendis	360 —

10. gr. C. 5. a.

Veittar 1000 kr. í viðbót við áðurveittar 2500 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B bls. 107) til vegagjörðar í Svínahrauni.

Veittar 400 kr. í viðbót við áðurveittar 1500 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B bls. 107) til vegagjörðar á Mosfellsheiði.

13. gr. B. V. a.

Kvennaskólanum á Laugalandi veittur 900 kr. styrkur fyrir árið 1884.

Kvennaskólanum í Reykjavík veittur 900 kr. styrkur fyrir s. á.

16. gr.

Fröken Guðlaugu Arason veittur 300 kr. styrkur til að búa sig undir að geta orðið kennslukona á Íslandi.

EMBÆTTASKIPUN M. M.

17. september var settur kennari við lærða skólann í Reykjavík, cand. philos. Björn Jenson af konungi skipaður kennari við skóla þenna frá 1. okt. þ. á., og skal hann skyldur, ef krafizt verður, að taka þátt í umsjóninni við tjeðan skóla.

26. s. m. setti ráðgjafinn fyrir Ísland cand. philol. Geir Zoega til að vera kennari við sama skóla frá 1. október þ. á. og skal hann einnig skyldur að taka þátt í umsjóninni þar ef krafizt verður.

3. okt. veitti landshöfðingi sjera Eiriki Gíslasyni á Lundi Breiðabólstaðarprestakall á Skógarströnd í Snæfellsnesprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum að telja.

8. s. m. var Borgarprestakall í Mýrprófastsdæmi veitt af landshöfðingja cand. theol. Árna Jónssyni.

EINKARJETTINDI.

27. ágúst voru kaupmanni og verksmiðjueiganda Otto Ernest Pohl í Liverpool veitt af konungi einkarjettindi til að láta búa til á Íslandi flöskur með asbest-töppum með því lagi, er hann hefur fundið upp.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Lundur í Borgarfjarðarprófastsdæmi (Lundar- og Fitjasóknir). Tillag úr landssjóði 300 kr Metið þess utan 516 kr. Auglýst 4. október 1884.